



**Til allra golfklúbba innan GSÍ.**  
Frá áhugamenskunefnd GSÍ.

Dags. 2. apríl 2020.

**Varðar: Leyfilegt hámarksverðmæti verðlauna í golfmótum árið 2020 fyrir áhugamenn.**

Áhugamenskunefnd G.S.Í. hefur ákveðið að hámarksverðmæti verðlauna til áhugamanna í golfmótum skuli árið 2020 vera **kr. 90.000**.  
Verðmæti ferðavinninga má þó vera allt að **kr. 180.000**.

Eins og endranær er miðað er við smásöluverðmæti vinnings.

Eftirtaldar reglur gilda einnig um verðlaunafé:

1. Ekki má veita viðtöku verðlaunum, sem eru greidd út í **peningum** eða **ávísun á peninga**.
2. Vinni keppandi til fleiri en einna verðlauna í sama móti (eða mótasamfelli) má **samanlagt verðmæti** þeirra ekki vera umfram **kr. 90.000**. Þetta tekur einnig til aukaverðlauna svo sem fyrir lengsta upphafshögg og högg næst holu, eða verðlaun sem veitt eru samkvæmt útdrætti úr skorkortum eða úrdrætti úr potti þar sem golfleikur er skilyrði fyrir þátttöku.
3. Ekkert hámark gildir um verðlaun fyrir að fara **holu í höggi**. Þau mega auk þess koma að fullu **til viðbótar** sérhverjum öðrum verðlaunum í sama móti.

Skipuleggjendum og bakhjörllum golfmóta er bent á að hafa fyrirfram samband við nefndina eða skrifstofu GSÍ ef vafi leikur á hvort fyrirhuguð verðlaun eru í samræmi við gildandi reglur.

Þær upphæðir, sem tilgreindar eru í bréfi þessu, gilda til loka árs 2020.

Með óskum um gleðilegt golfsumar.

**Áhugamenskunefnd GSÍ.**

Gísli Guðni Hall, formaður  
Guðmundur Friðrik Sigurðsson  
Hafdís Helgadóttir

netfang ggh@law.is